



## Verkfræðingafélag Íslands

### Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

#### Skúlagötu 4

#### 101 Reykjavík

### Mál: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands um drög að reglugerð um Kríu – sprota- og nýsköpunarsjóð. Mál nr. 253/2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands (VFÍ) hefur tekið til umsagnar drög að reglugerð um Kríu - sprota- og nýsköpunarsjóð; mál nr. 253/2020 í samráðsgátt stjórnvalda. Stjórn VFÍ fagnar stofnun Kríu en vill á sama tíma gera eftirfarandi athugasemdir og koma með ábendingar um það sem hún telur að betur mætti fara.

1. Í Nýsköpunarstefnu fyrir Ísland sem kom út fyrir um ári síðan er lögð rík áhersla á að tengja eigi íslenskt fjármögnunarumhverfi í nýsköpunar- og vaxtarfyrirtækjum við stærri fjármögnunarmarkaði, svo sem annars staðar á Norðurlöndum, í Bretlandi og Bandaríkjunum. Þetta markmið er mjög mikilvægt í uppbyggingu sterks nýsköpunarumhverfis. Alveg eins og sú djúpstæða tæknipækning sem íslenskir háskólar og íslenskt atvinnulíf búa yfir, á rætur að rekja til virkrar þátttöku íslendinga í háskólasamfélögum og tæknifyrirtækjum erlendis, þá þarf nýsköpunarsamfélagið að byggja upp sterkar brýr við öflug nýsköpunarsamfélög á öllum stigum nýsköpunar, líka fjármögnunarhlíðinni. Hér væri ánægjulegt að sjá meiri metnað og að gerðar væru kröfur til sérhæfðra vísisjóða að sækja jafnframt fjármagn til erlendra fagfjárfesta sem hafa reynslu af fjárfestingu í vísisjóðum og dreifa þannig áhættu og auka um leið þekkingu á fyrstu stigum fjármögnunar. Má segja eðlilegt að gera kröfu til íslenskra vísisjóða að þeir sækja erlenda fagfjárfesta á sama hátt og þeir gera almennt kröfur til nýsköpunarfyrirtækja um að byggja upp alþjóðleg fyrirtæki.
2. Óljóst er hvernig skipa á stjórn Kríu og hverjum eigi að fela umsýslu með sjóðnum. Mikilvægt er að faglega sé að slíkri skipan staðið, sér í lagi þar sem um mikla sérhæfingu er að ræða. Vísisjóðir fjárfesta að meginstefnu í djúpri tækni, stafrænum lausnum og líftæknilausnum. Oft er þeim stýrt af fólki sem hefur langvarandi reynslu af uppbyggingu tæknifyrirtækja með menntun á sviði verkfræði, tölvunarfræði og raunvísinda. Það er því mikilvægt að stjórn Kríu og umsýsluaðili hennar hafi viðamikla reynslu af fjárfestingum í erlendum vísisjóðum sem hafa náð framúrskarandi árangri. Framlag íslenskra lífeyrissjóða til uppbyggingar íslenskra vísisjóða er mikið enda hafa þeir lagt grunninn að stofnun þeirra á Íslandi. Næsta skref er að gera íslenska vísisjóði eins góða og best getur orðið með þekkingarflæði frá þeim sem fjárfest hafa í framúrskarandi vísisjóðum erlendis. Kjörinn vettvangur fyrir slíkt þekkingarflæði er stjórn og umsýsluaðili Kríu.

3. Í 5. grein, 1. málsgrein kemur fram að vísisjóður þurfi að hafa fjármagnað að minnsta kosti 70% af heildarstofnfé á þeim tíma sem umsókn er send inn til Kríu. Í 6. grein kemur síðan fram að stjórn Kríu komi að jafnaði saman einu sinni á ári til að taka fjárfestingarákvarðanir og í 9. grein að umsýsluaðili Kríu sjái um samningagerð fyrir hönd Kríu við viðurkennda sérhæfða sjóði. Þetta samspil 70% loforða, tíðni fjárfestingarákvarðana stjórnar og tímasetning samningagerðar fer ekki saman og gengur raunar alls ekki upp í hefðbundinni fjármögnun vísisjóðs. Almennt er það svo að endanleg og skuldbindandi loforð um fjárfestingu fást ekki frá fagfjárfestum fyrr en fullgerð stofn skjöl sjóðs liggja fyrir. Jafnframt tíðkast að halda möguleika um síðari lokun sjóðs opnum. En í þeim tilfellum, geta þeir fagfjárfestar, sem taka þátt í síðari lokun sjóðs, ekki haft áhrif á stofn skjöl. Því telst það skjóta skökku við að fela eigi umsýsluaðila Kríu umsjón með samningagerð í allt að ár eftir fyrstu lokun sjóðs. Eðlilegra væri að halda opnum möguleika á að sækja um í Kríu, óháð öðrum loforðum en með fyrirvara um þau. Þá getur umsýsluaðili komið að samningaborði um stofn skjöl sjóðs eins og aðrir hluthafar hans.
4. Tíðni stjórnarfunda og þar með fjárfestingarákvarðana er ekki í samræmi við hraðvaxtaumhverfið sem nýsköpunarfyrirtæki og vísisjóðir starfa í. Ef litið er til Vækstfonden í Danmörku eða Tesi í Finnlandi eða annarra sambærilegra stofnana í Evrópu þá er tíðni ákvarðana talsvert meiri. Í 5. grein, fimmtu málsgrein kemur jafnframt fram að sjóðurinn má ekki hafa fjárfest meira en sem nemur 10% af stærð sinni þegar að þátttöku Kríu kemur. Þar sem flestir sjóðir nota fyrstu þrjú til fimm árin í nýfjárfestingar þá felur þetta í sér umtalsverðar hömlur á eðlilegri starfsemi sjóðs. Það er vel hægt að halda 10% takmörkuninni svo lengi sem tíðni fjárfestingarákvarðana er aukin, annars verður að hækka þessa prósentutölu svo þátttaka Kríu hafi ekki öfug áhrif á fjárfestingar í nýsköpun með því að draga úr hraða þeirra. Of löng bið getur orðið til þess að fjárfestingarhæf fyrirtæki fái ekki fjármögnun á meðan sjóðir halda að sér höndum meðan beðið er eftir niðurstöðu frá Kríu og vilja því ekki fara yfir 10% markið.
5. Kría hvetur sjóðstjóra vísisjóða til að stofna sjóð sem er 5.7 til 6.7 ma.kr., þannig er hægt að hámarka framlag frá Kríu, eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Óljóst er hvers vegna íslenska ríkið býr til hvata um svo nákvæma sjóðstærð og sér í lagi þessa stærð. Almennt eru vísisjóðir á Norðurlöndum frá 2 ma.kr. til 100 ma.kr. og allt þar á milli fyrir mismunandi stig og tegundir nýsköpunar. Þó stærstu sjóðirnir þurfi ekki ríkisstuðning þá væri réttar að mæta betur mismunandi stærðum sjóða og reyna ekki að hafa svo afgerandi áhrif á stærð þeirra. Iðulega er stærð vísisjóða háð tæknilegum fókus þeirra sem er fjölbreyttur.

Stærð sjóðs fyrir utan Kríu [ma.kr.] / Lágmark 4ma.kr.	Áætlað heildarstofnfé þegar umsókn er send inn	Hámarksframlag frá Kríu er 2ma.kr eða 30% af heildarstærð sjóðs [ma.kr.]	Kría sem hlutfall af heildarstærð sjóðs	Hámarksfjárfesting eftir lágmarksfjármögnun en fyrir Kríu þátttöku er 10%
	70%	30%		10%
4	5.7	1.7	30%	0.57
4.5	6.4	1.9	30%	0.64
5	6.7	2.0	29%	0.70
5.5	6.7	2.0	27%	0.75
6	6.7	2.0	25%	0.80
6.5	6.7	2.0	24%	0.85
7	6.7	2.0	22%	0.90
8	6.7	2.0	20%	1.00
9	6.7	2.0	18%	1.10
10	6.7	2.0	17%	1.20
11	6.7	2.0	15%	1.30
12	6.7	2.0	14%	1.40

Reykjavík, 7. desember 2020.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.